

## Lestrarfélag Svalbarðsstrandar

Afhending 1021/7

Veturinn 1891 ákváðu nokkrir ungir Svalbarðsstrendingar að ráða til sín kennara. Fljótlega eftir komu kennarans kom upp sú hugmynd að stofna lestrarfélag. Á sumardaginn fyrsta 1891 hrintu ungu mennirnir hugmyndinni í framkvæmd með því að halda hlutaveltu í Tungu og keyptu fyrstu bækur félagsins fyrir ágóðann.

Elstu lög félagsins sem hafa varðveist í heild sinni gengu úr gildi árið 1921, en þar kemur fram að „Tilgangur félagsins er að glæða og efla lesfýsn félaga sinna [...] án mikils tilkostnaðar, með því að kaupa í félagi hinar helstu skemmti- og fræðibækur, sem koma út á íslensku.“ Þar er einnig tekið fram að „enginn félagsmaður getur uppástaðið að fá nema eina bók í einu og ekki hafa hana lengur en í viku“.

Ekki er alveg ljóst hvar bækur félagsins voru geymdar fyrst um sinn, en í fundargerð frá aðalfundi 1908 er ályktun þess efnis að „allar bækur félagsins skulu komnar heim til bókavarðar í septembermánaðarlok og liggja heima fram yfir aðalfund“. Á sama fundi var samþykkt að halda ætti aðalfund eigi síðar en í lok október.

Árið 1910 varð bókavörður Magnús Stefánsson á Svalbarði og var bókasafnið geymt þar fram til 1920 þegar það var flutt í Njarðarhúsið á Svalbarðseyri. Næstu árin flutti safnið oft milli húsa á Svalbarðseyri en árið 1922 fékk bókasafn félagsins herbergi í nýbyggðu samkomuhúsi hreppsins.

Það var þó ekki endirinn á húsnaðisvanda safnsins, en félagið hafði líka verið í fjárhagsvandræðum í langan tíma. Þess vegna var ákveðið árið 1956 að fela Svalbarðsstrandarhreppi rekstur safnsins. Það sama ár var bókasafn félagsins flutt í Jakobshús á Svalbarðseyri. Árið 1970 var tekið í notkun nýtt skólahús á Svalbarðseyri og bókasafninu var ætlaður staður þar. Að lokum þurfti bókasafnið að víkja fyrir starfsemi skólans og því var bókunum komið fyrir í geymslu. Loks fékk þó safnið samastað á neðri hæð Smáratúns 4 þangað til það var flutt í ráðhúsið á Svalbarðseyri, þar sem það er enn í dag (2022).

Þrátt fyrir að sveitarfélagið hafi tekið yfir rekstur bókasafnsins fyrir löngu er það ennþá kallað Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar.

Fyrir utan þessa afhendingu er afhending 2021/2 frá Lestrarfélaginu.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

16. febrúar 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

1021 / 7

## A-Lestrarfélag Svalbarðsstrandarhrepps

## A-Lestrarfélag Svalbarðsstrandarhrepps

1900 - 1992

A	1	1	-	Ljóðabók
A	1	2	-	Bókaskrár
A	1	3	-	Bókaskrár fyrir flokka C-N.
A	1	4	-	Bókaskrár I-IV
A	1	5	1926 - 1965	Útlánabækur
A	1	6	1985 - 1992	Útlánabækur
A	2	1	-	Handrit af sjónleiknum „Sannleiksstóllinn“
A	2	2	-	Handrit af sjónleiknum „Húrra krakkí“
A	2	3	1933 - 1944	Bók með upplýsingum um: meðlimatal, keypt bókband, keyptar bækur og aðalreikningum
A	2	4	1900 - 1933	Bók með upplýsingum um: meðlimatal, keypt bókband, keyptar bækur og aðalreikningum
A	2	5	1990 - 1990	Fundagerðabók
A	3	1	-	Bókaskrár fyrir: skáldsögur og leikrit, íslenskar skáldsögur og bókasafn Sigríðar Þorláksdóttur
A	3	2	1908 - 1956	Gjörðabók